

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Jórdaníu.

Hinn 30. apríl 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Jórdaníu sem gerður var í Vaduz 21. júní 2001. Samningurinn öðlaðist gildi 1. september 2002.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. september 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

6. september 2002

Nr. 39

AUGLÝSING

um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Króatíu.

Hinn 3. maí 2002 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Króatíu sem gerður var í Vaduz 21. júní 2001. Samningurinn öðlaðist gildi 1. september 2002.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. september 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

4. nóvember 2002

Nr. 40

AUGLÝSING

um viðbót við fyrirvara við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða.

Hinn 10. október 2002 var bandaríska utanríkisráðuneytinu afhent viðbót við fyrirvara Íslands við e-lið 10. mgr. fylgiskjals með alþjóðasamningi um stjórnun hvalveiða frá 2. desember 1946, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/2001, þar sem samningurinn er birtur, og 27/2002. Í viðbótinni felst að auk þeirra skuldbindinga sem fram koma í fyrri viðbót við fyrirvarann, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 27/2002, skuldbinda íslensk stjórnvöld sig til að heimila ekki íslenskum skipum að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni fyrir 2006.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. nóvember 2002.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.